

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur

Engjavegi 6

104 Reykjavík

Reykjavík, 31. júlí 2021

Aþena Íþróttafélag (Aþena) er nýtt íþróttafélag í Reykjavík. Undanfarin 2 ár hafa Aþena og Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK) átt í öflugri samstarfi um yngri flokka starf í körfubolta (5 á 5 körfubolta).

Nú sækir Aþena um fjárstyrk frá Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur sem nemur 400.000 kr á mánuði til að reka um 400 fermetra parkethús. Til vara sækjum við um áþekkan rekstrarstyrk og önnur íþróttafélög gera um leigu á íþróttahúsum í eigu einkaaðila eða borgar.



Húsið verður notað til að byggja upp og reka götukörfuboltastarf félagsins ("3 on 3 basketball" eða 3 á 3 körfubolti) en hentar einnig fullkomlega fyrir æfingar 6-11 ára iðkenda Aþenu og UMFK í 5 á 5 körfubolta.

Mikil tækifæri eru fólgin í að byggja upp 3 á 3 körfubolta í Reykjavík. Gert ráð fyrir að yfir 170 iðkendur geti æft reglulega á tveimur völlum (15m x 11m). Markhópur fyrir 3 á 3 körfubolta er mjög breiður, en þó helst unglingar og almenningur.

Erlendis á greinin mestum vinsældum að fagna meðal almennings ("old girl & old boys basketball"). Auk þess var greinin nýverið samþykkt sem ólympíugrein og var fyrst keppti henni á Ólympíuleikunum í Tokyo 2020 (haldnir 2021).

Íþróttagreinin nær því yfir breitt svið af iðkendum, allt frá afreksmiðaðri ólympíugrein yfir í að vera frábær hreyfing fyrir unglinga, sérstaklega unglinga sem fallið hafa út úr skipulagðri íþróttastarfsemi.

Með rekstrarsamningi á milli Aþenu og Reykjavíkur eru slegnar nokkrar flugur í einu höggi:


- Ekkert félag býður í dag upp á aðstöðu fyrir 3 á 3 körfubolta og ekkert sem bendir til þess að svo verði á næstunni sökum skorts á parkethúsum.
- Húsið afar hentug rekstrareining þar sem hver fermetri af íþróttagólfi er hvergi betur nýttur en í þessari knattíþrótt.
- Til viðbótar við 3 á 3 körfubolta þá mynd parkethúsið gera Aþenu og UMFK kleift að byggja enn frekar upp yngri flokka (6-11 ára) starf félaganna í “5 á 5 körfubolta”.
- Aþena í samstarfi við UMFK hefur haldið úti einu kröftugasta yngri flokka starfi á landinu síðustu tvo ár og barist fyrir bættri menningu og þjónustu fyrir stelpur/konur og fyrir Íslendinga af erlendum uppruna í körfubolta (sjá hjálagt bréf Aþenu og UMFK til ÍBR frá 21. júní 2021).
- 400 fermetra parkethús hentar einnig frábærlega fyrir körfuboltaæfingar 6-11 ára barna.
- Aðstaðan er einnig nauðsynleg fyrir Aþenu og UMFK þar til langtímalausn á aðstöðu félaganna finnst.
- ÍBR hefur reynt án árangurs að finna húsnæði í Reykjavík fyrir þessa starfsemi Aþenu og UMFK. Þá hefur ÍBR einnig reynt án árangurs að fá inni í íþróttahúsum nágretta sveitarfélaganna.

Auk körfuboltapjálfunar barna og unglinga hyggst Aþena nýta aðstöðuna til að starfrækja þjálfaraskóla byggðan stefnu Aþenu sem gengur út að vinna með einstaklinga með félagslegar

og líkamlegar áskoranir. Sjá <https://vimeo.com/403333101>. Í skólanum er sérstök áhersla er að fjölga kvenþjálfurum í efstu deildum í körfubolta. Vegna aðstöðuleysis hefur skólinn verið í biðstöðu síðustu tvö ár (sjá <https://athenabasketball.com/purpose/> og <https://www.karfan.is/2016/07/thjalfaraskoli-brynjars-karls-faer-styrk-ur-jafnrettissjodi-islands/>)

Húsið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík með góðri teningu við stofnbrautir og almenningssamgöngur. Það hentar unglingum sem nýta strætó vel og almenningi sem vill æfa t.d. hádeginu og á morgnana.

Aþena í samstarfi við aðra stuðningsaðila hafa tryggt 20 milljónir til að standsetja aðstöðuna.



Til að upplýsa betur um áform Aþenu og svara spurningum óskum við eftir því að fá að senda fulltrúa á fund ráðsins.

Virðingarfyllst,
Jóhanna Jakobsdóttir
Formaður Aþenu